



24. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Mánudaginn 16. apríl 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Sala íbúða í eigu Blönduóssbæjar.
2. Erindi frá Neytendastofu.
3. Samgönguáætlun – tölvupóstur frá starfsmanni samgönguráðuneytis til bæjarstjóra.
4. Greinargerð stjórnar SSNV er varðar úttekt á starfsemi samtakanna.
5. Tilkynning um eignarhluti í Lánasjóði sveitarfélaga ohf.
6. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu um ársreikninga og skil fjárhagsáætlana.
7. Erindi Umf. Hvatar vegna umhirðu íþróttavallar.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Sala íbúða í eigu Blönduóssbæjar.

Lögð fram sem trúnaðarmál matsgerð löggilts fasteignasala vegna verðmats 5 íbúða, sbr. bókun bæjarráðs frá 6. mars sl.

Bæjarráð samþykkir að fá fasteignasölu til að gera leigjendum umræddra íbúða tilboð á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

2. Erindi frá Neytendastofu.

Óskað er upplýsinga um skilmála sem gilda um verðlagningu skólamáltíða. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

3. Samgönguáætlun – tölvupóstur frá starfsmanni samgönguráðuneytis til bæjarstjóra.

Í skeytinu er vísað til þess að í umsögn ráðuneytisins við umhverfismat um samgönguáætlun komi fram að umrædd færsla þjóðveggar 1 um Blönduós verði ekki gerð nema í góðu samkomulagi við sveitarfélagið. Boðið er uppá viðræður við bæjarfélagið um málið.

Jafnframt er þess getið að í samgönguáætlun hafi heiti verkefnisins og viðfangsefninu verið breytt og tillaga um að veita 300 mkr. til hringveggar um Húnavatnssýslu á 3. tímabili áætlunarinnar eða á árunum 2015-2018. Í skýringum á bls. 95 í samgönguáætlun eru þau mistök hins vegar gerð að texta er ekki breytt í samræmi við ofangreint.

Bæjarráð fagnar því að samgönguyfirvöld óski eftir samvinnu um málið enda skipulagsmál á forræði sveitarfélagsins.

Bæjarráð ítrekar hins vegar að þrátt fyrir að samgönguáætlun hefi ekki verið samþykkt á Alþingi í vor verði mistök sem vitnað er í leiðrétt.

4. Greinargerð stjórnar SSNV er varðar úttekt á starfsemi samtakanna.

Greinargerðin er lögð fram vegna bókunar á 14. ársþingi SSNV sem haldið var 26. ágúst 2006, en þar segir: "Stjórn er falið að fjalla um framtíðarskipan SSNV. Sérstaklega verði horft á árangur samtakanna á starfssvæði þeirra og skipulag atvinnuþróunar. Stjórnin skili skýrslu fyrir 1. apríl 2007". Bæjarráð felur bæjarstjóra að taka saman umsögn um greinargerðina.

5. Tilkynning um eignarhluti í Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Eignarhlutur Blönduóssbæjar í sjóðnum og inneign vegna niðurfærslu fjár er eftirfarandi:

Nafnverð hlutafjár:	kr. 73.300.000
Eignarhlutdeild:	1,466%
Inneign v. niðurfærslu:	kr. 43.980.000
Árleg greiðsla:	kr. 10.995.000



6. **Bréf frá félagsmálaráðuneytinu um ársreikninga og skil fjárhagsáætlana.**
Bent er á að skv. 14. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga skal reikningur fullgerður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar. Lagt fram til kynningar.
7. **Erindi Umf. Hvatar vegna umhirðu íþróttavallar.**
Lagður fram listi yfir þau verkefni sem Umf. Hvöt telur að þurfi að sinna vegna viðhalds og rekstrar vallarins. Bæjarráð óskar eftir að gerður verði samningur við umf. vegna rekstur á vellinum í sumar.
8. **Önnur mál.**
 - a. **Álagning ræktunarhólfa.** *Afgreiðslu var frestað á síðasta fundi bæjarráðs, 2. apríl sl. Bæjarráð samþykkir að umsýslugjald vegna ræktunarhólfa verði endurskoðað fyrir næsta ár. Erindi Hlyns Tryggvasonar er hafnað.*
 - b. **Aðalfundarboð.** *Fundur verður haldinn í Veiðifélagi Laxár á Ásum, laugardaginn 28. apríl nk. í Steinkoti, veiðihúsi Veiðifélags Vatnsdalsár. Fulltrúi úr bæjarráði sækir fundinn.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Fundi slitið kl. 18:00.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)